

Skýrsla stjórnar árið 2024

Við kláruðum aðstöðuna við innisvæðið og byggðum einnig klósettaðstöðu fyrir fótboltan með aukastyrk frá bænum .aðstaðan breytir töluvert allri félagsstarfsemi hjá okkur og aðstöðu þar sem við vorum í bráðarbygðargámum . við erum í nokkurri skuld enn ca 3.5 mil. og hefur formaður tekið ábyrgð á skuld félagsins . það er frekar bagalegt þar sem Ísafjarðarbær á allt húnæði félagsins . við þurfum einnig að fara að skoða stækkun inniaðstöðurnar þar sem við gætum þá tekið miklu fleiri einstaklinga á brautir.

Félagar í Skotís tóku þátt í öllum landsmótum Skotíþróttasambands Íslands í prone ,þrístöðu og flestum loftskammbyssu og loftriffli .oftast 6 -8 manns á mótum .og voru þeir nánast undantekningarlaust í verðlaunasæti. Skotís hefur á undanförunum árum stimplað sig inn sem eitt af öflugustu skotfélögum hér á landi.

Við vorum einnig með haglabyssuæfingar á miðvikudögum í sumar en vegurinn upp á svæði var það lélegur að það var svo til ófært fyrir fólksbíla . Formaður reyndi töluvert að fá vegin lagaðan hjá bænum en því miður var ekkert gert í því . það er algerlega ófært að íþróttafélag geti ekki komist að Íþróttasvæði með eðlilegum hætti .

Árið var annars mjög gott og mikil starfsemi hjá Skotís . mikil uppbygging og stækkandi félag

.

Ársskýrsla Bogfímideildar Skotís 2024

Fjöldi iðkenda hefur haldist stöðugur, eða um 25 manns. Megnið eru krakkar á aldrinum 13 til 20 ára. Fullorðnir eru ekki mikið sýnilegir þó að nokkrir séu skráðir.

Þáttaka í mótum var ekki mikil á árinu og aðeins einn tók þátt í Íslandsmeistaramóti ungmenna og enginn í fullorðins mótum. Tveir iðkendur tóku þátt í norðurlandameistaramóti ungmenna sem fór fram í Óðinsvé í Danmörku dagana 5 til 7 júlí með góðum árangri þ.e. fyrsta og þriðja sæti í liðakeppni þrátt fyrir að ekki var mögulegt að hefja undirbúning með æfingum utandyra heima fyrir þar sem ekki fékkst leifi til þess.

Nemendur frá Menntaskólanum sem hafa valið afreksíþróttir og tekið bogfimi voru fimm á vorönn og þrír á haustönn og æfa fjórum sinnum í viku.

Tveir nemendur úr Grunnskóla Bolungavíkur stunduðu bogfimi sem íþrótt utan skóla á haustönn.

Grunnskólinn á Ísafirði kom að venju í kynningu í lok vorannar og mættu um 80 nemendur og fengu smá innsýn í heim bogfiminnar.

Það er ekki annað að sjá til framtíðar að bogfimin sé frekar að vaxa sem íþrótt á svæðin og útlit fyrir að áframhaldandi fjölgun geti orðið í röðum iðkenda.

Píludeildin var ekki starfandi fyrrihluta árs af ýmsum ástæðum. Það komu þó tveir hópar til að gera sér glaðan dag. Keyptar voru nokkur sett af pílum til að bjóða gestum að nota. Það voru örfáir gestir sem lögðu leið sína til okkar á haustmánuðum og eru bundnar vonir til að þeir einstaklingar haldi áfram að mæta.

Um áramót barst boð um að við værum orðnir aðilar að Íslenska Pílukastsambandinu með boð um að veitt yrði sú aðstoð sem hægt væri til að auka áhuga og ástundun á pílukasti á svæðinu. Með því getum við horft björtum augum á framtíðina.

Formaður Skotís

Valur Richter

Bogfimdeild og píludeildar

Kristján Sigurðsson